

## L Ö G

38

14. maí

um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954,  
um tekjuskatt og eignarskatt.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1954, um skattaúka á tekjur, og ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga, um lækkun á tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, skulu gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

## 2. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954, um álag á eignarskatt, skulu gilda við álagningu eignarskatts árið 1955.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1955.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

39

16. maí

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. tölulið 3. gr. laganna skal orða svo:

Árlegt framlag úr rikissjóði, 1,6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

## 2. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lásupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.